

**Fundargerð 95. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál**  
**Fundur haldinn á teams, 4. mars 2024, kl. 13:00**

**Dagskrá:**

1. Aðkoma umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis að sóknaráætlunum landshluta
2. Stefnumót um stefnumótun: IRN og landshlutar
3. Áhersluverkefni landshlutasamtaka
4. Önnur mál

**Mættir:** Hólmfríður Sveinsdóttir formaður (IRN), Arnar Þór Sveinsson (HRN), Baldur Þ. Guðmundsson (MVF), Bryndís Eiríksdóttir (MAR), Daníel Svavarsson (FOR, fór 13:59), Eva Margrét Kristinsdóttir (FRN) Krístrún Friðriksdóttir (DMR), Magnús Örn Agnesar Sigurðsson (URN fór 14:08), Þór Hauksson Reykdal (MRN), Reinhard Reynisson (Byggðastofnun) og Sigríður K. Þorgrímsdóttir (Byggðastofnun), sem ritaði fundargerðina.

**Fjarverandi:** Anna Borgþórsdóttir Olsen (FJR), Andri Júlíusson (UTN) Þórarinn Sólmundarson (HVIN), Albertína F. Elíasdóttir (landshlutasamtökunum) og Valgerður Rún Benediktsdóttir (Sambandinu).

Formaður setti fund og hóf boðaða dagskrá.

Nýr fulltrúi mennta- og barnamálaráðuneytisins (MRN), Þór Hauksson Reykdal, tók sæti í stýrihópnum sem aðalfulltrúi og bauð formaður hann velkominn. Þakkaði jafnframt þakkaði formaður Hafþóri Einarssyni fyrir samstarfið.

**Umfjöllun og afgreiðsla:**

1. **Aðkoma umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis að sóknaráætlunum landshluta.** Magnús gerði grein fyrir því að umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið hefði ákveðið að koma að sóknaráætlunum landshluta með 100 m.kr grunnframlagi árið 2024. Framlagið er eyrnamerkt verkefnum tengdum hringrásarhagkerfinu, loftslagsmálum og/eða orkumálum. Jafnframt hefur ráðuneytið ákveðið að koma með formlegum hætti að gerð nýrra sóknaráætlunarsamninga fyrir tímabilið 2025-2029.
2. **Stefnumót um stefnumótun: IRN og landshlutar.** Formaður sagði frá því að í samstarfi við landshlutasamtök sveitarfélaga hefði ráðuneytið boðað til fjarfundar þann 7. mars nk. um stefnur ráðuneytisins og sóknaráætlanir landshluta undir yfirskriftinni Stefnumót um stefnumótun. Markmiðið er að eiga gagnvirkt samtal og efla enn frekar samvinnu ráðuneytisins og landshlutanna um opinbera stefnur og innleiðingu þeirra um land allt, m.a. í tengslum við mótun nýrra sóknaráætlana.
3. **Áhersluverkefni landshlutasamtaka.** Fyrir fundinum lágu 32 áhersluverkefni frá sjö landshlutum, en áður höfðu áhersluverkefni Fjórðungssambands Vestfirðinga verið staðfest og eitt verkefni frá Norðurlandi eystra. Afgreiðslan var sem hér segir:  
SSV: fimm verkefni og voru þau staðfest.  
SSNV: tvö verkefni lágu fyrir og voru þau staðfest.  
SSNE: tvö verkefni og voru þau staðfest.  
SSA: eitt verkefni og var það staðfest.  
SASS: átta verkefni lágu fyrir. Sjö verkefni voru staðfest en eitt bíður skoðunar viðkomandi ráðuneytis.



SSS: fimm verkefni og voru þau staðfest.

SSH: Átta verkefni og voru þau staðfest.

**4. Önnur mál.**

Engin önnur mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:30